



Innviðaráðuneyti
Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Kópavogi, 22. maí 2023
23051761/999.00 JVK

Efni: Varðandi útreikning á framlegð.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum, þá ber sveitarfélögum að uppfylla tvær fjármálareglur, sem eru að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Að auki segir „Ráðherra skilgreinir í reglugerð 1) nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tl. 2. mgr.“ Samkvæmt þessari mgr. hefur ráðherra í reglugerð 502/2012, 15. gr. bætt við fleiri lykiltölum sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) reiknar og hefur sett sér viðmið um, þær eru:

1. Reiknast sem hundraðshluti af reglulegum tekjum:
 - a) Framlegð.
 - b) Rekstrarniðurstaða.
 - c) Veltufé frá rekstri.
 - d) Skuldahlutfall.
 - e) Skuldaviðmið.
2. Aðrar lykiltölur:
 - a) Veltufjárlutfall.
 - b) Vaxtaberandi skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af veltufé frá rekstri.
 - c) Peningaleg staða.

Þar sem fjármálareglur sveitarstjórnarlaga gefa mjög takmarkaða mynd af rekstarhæfi sveitarfélaga, þá er eðlilegt að nánari mælikvarðar séu settir eins og gert er hér í 15. greininni. En varðandi þessa liði, þá gerir Kópavogsbær athugasemd við hvernig 1. a. Framlegð er reiknuð.

Samkvæmt skilgreiningu er framlegð sá hluti sölu (tekna) sem fer til að greiða fastan kostnað. Í fræðunum er rekstrarkostnaði, í sinni einföldustu mynd, skipt tvennt, breytilegan kostnað og fastan kostnað. Breytilegi kostnaðurinn er þá sá sem er breytist með sölu og myndi falla niður ef starfsemi væri hætt. Fasti kostnaðurinn er hinsvegar sá kostnaður sem eftir myndi sitja væri



rekstri hætt. Sem dæmi um fastan kostnað má nefna fjármangskostnað af langtíma skuldum, afskriftir fastafjármuna o.s.frv. Þessi kostnaður hverfur ekki þó rekstri sé hætt.

Þegar framlegð sveitarfélags er reiknuð samkvæmt framsetningu EFS, þá eru rekstrartekjurnar teknar og dregin frá þeim laun og launatengd gjöld, breyting lífeyrisskuldbindingar og annar rekstrarkostnaður og sagt að mismunurinn sé framlegðin. Kópavogsbær gerir athugasemd við að breyting lífeyrisskuldbindinga sé talin með sem breytilegur kostnaður.

Hjá Kópavogsbæ var í gangi Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar (SPK). Hann varð að sjálfstæðri deild í Brú, lífeyrissjóði á árinu 2018, en áfram með fullri ábyrgð Kópavogsbæjar og að öðru leiti í samskonar mynd og áður. Þessum sjóði var lokað fyrir nýjum sjóðsfélögum á árinu 1998 þannig að síðan þá hefur engin ný skuldbinding komið inn vegna nýrra starfsmanna bæjarins, heldur hefur lífeyrisskuldbindingin fyrst og fremst hækkað vegna launabreytinga, endurmats á lífslíkum og ef ávöxtun eigna sjóðsins hefur verið neikvæð. Af þessu má sjá að breyting lífeyrisskuldbindingar er ekki breytilegur rekstrarkostnaður í þeim skilningi, heldur miklu fremur fjármangskostnaður og þá sem ígildi verðbóta á uppsafnaða skuldbindingu frá 1998, því það er í raun verið að verðbæta þessa skuldbindingu.

Að mati Kópavogsbæjar er því réttara að reikna framlegðina sem rekstrartekjur að frádregnum launum og launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir



Afrit:

Þórir Hvanndal Ólafsson formaður eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga
Gústav Aron Gústavsson sérfræðingur skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála